



Gjaldskrá

fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi

1. gr.

Af köttum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Tálknafjarðarhreppi, nr. 1/2007 sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald sem hér segir :

- Fyrsta leyfisgjald, skráning kr. 7.500.-
- Leyfisveiting eftir úrunninn frest sbr.2.gr. samþykktar um kattahald kr. 10.700.-
- Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.750.-

3. gr.

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, fyrir hvern kött kr. 5.900.-

4. gr.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging og umsýslugjald sveitarfélagsins.

5. gr.

Við afskráningu kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu. Þá er veittur 3.200.- kr. afsláttur af árlegu leyfisgjaldi ef leyfishafi framvísar staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr.laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Tálknafirði 29.janúar 2013.
f.h. Tálknafjarðarhrepps,
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti